

## Börkur Þór Ottósson

---

**From:** Óskar Ó <oskaro@ssd.is>  
**Sent:** föstudagur, 31. janúar 2020 18:09  
**To:** Börkur Þór Ottósson  
**Subject:** Mótmæli við nýja deiluskipulaginu  
**Attachments:** Andmæli frá íbúum í Túnahverfi.pdf; Dalvík-Hringtún bréf við grenndarkynningu.docx; Dalvík-Hringtún.docx; fundargerð\_ibuafundur\_06\_08\_2019.docx; Svar Skipulagsstofnunar\_12.09.2019.pdf; Túnahverfisáskorun 2.pdf

Sæll Börkur,

Ég vil bara koma því á frammfæri að ég er algjörlega á móti eftirfarandi hlutum í breytingum á gildandi deiluskipulagi.

1. Einbýlishúsalóðunum nr. 17 og 19 við Hringtún er breytt í lóðir fyrir parhús.
2. Nýrri lóð fyrir parhús á einni til tveimur hæðum, Hringtún 20 – 22 er komið fyrir norðan við Hringtún 13 – 15 og skipulagssvæðið stækkað til norðurs sem því nemur.
3. Einbýlishúsalóðirnar Hringtún 42 og 44 eru sameinaðar í eina lóð og breytt í fjögurra íbúða raðhúsalóð.

Ástæða mótmæla minnar eru einföld.

Ég er að flytja inn í nýlega fallega einbýlishúsagötu með nýsamþykktu deiluskipulagi.

Strax á að fara að rugga bátnum gegn vilja núbúandi íbúa.

1. Þetta átti að heita falleg einbýlishúsagata, sem er nú verið að reyna að breyta í ringulreið, með öllum tegundum húsagerða. Þetta skemmir yfirsýn götunnar og getur haft mikil áhrif á fasteignaverð. Þessi gata býður uppá mesta og fallegasta útsýnið í bænum, með byggingu þessara parhúsa er verið að skyggja mikið á útsýni íbúa í grend. Þar með talinn allan þann aukna bílafloa sem fylgir auknum íbúðafjölda.
2. Áfram á að reyna að troða niður fleiri íbúðum. Þétting byggða er kafla sem þið hafið lagt fram með hugsun til minni íbúða. Hvernig er parhús á tveimur hæðum með grunnflöt sem er 300 fermetrar minni íbúðir ? Þetta er bara vitleysa, 600 fermetra fjall í norðurenda götunnar. 300 fermetrar hvor íbúð, hver ætlar að reyna að segja okkur það að það séu minni íbúðir fyrir ungt fólk sem er að reyna að koma sér inn á fasteignamarkaðinn.
3. Breyta á vistgötu með þremur einbýlishúsalóðum í fjögurra íbúða raðhúsalóð og eina einbýlishúsalóð, með þessum breytingum eykst umferð og bílafloa gífurlega. Einnig safnast mikill snjór þarna upp og erfitt verður fyrir snjóruðningstæki að athafna sig án skemmdar.

kveðja

Óskar Þór og Jóhanna Líf

